

## REGLUGERÐ

### um sölu og dreifingu á kartöfluútsæði.

#### 1. gr.

Kartöfluræktandi, sem ætlar að afhenda útsæði til sölu og dreifingar á almennum markaði, skal sækja um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins. Með umsókninni skal fylgja umsögn sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum.

#### 2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal því aðeins veitt, að ekki liggi fyrir vitneskja eða rökstuddur grunur um að kartöfluhnúðormar (*Globodera rostochiensis* eða *G. pallida*) eða hringrot (*Corynebacterium sepedonicum*) finnist á ræktunarlandinu eða í uppskeru viðkomandi aðila.

#### 3. gr.

Ef fleiri kartöfluræktendur samnýta vélar, geymslu eða annan búnað til kartöfluræktunar og skaðvaldar samkvæmt 2. gr. finnast hjá einum þeirra, er þeim öllum óheimilt að láta af hendi eða selja útsæði.

Heimilt er þó að leyfa ræktanda, sem hefur fengið hringrot í uppskeru sína eða garðland, að afhenda eða selja útsæði til ræktanda innan sama hrepps, hafi hringrot komið fram hjá þeim er fær útsæðið.

#### 4. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal halda skrá um útbreiðslu þessara tveggja skaðvalda. Komi upp rökstuddur grunur um hringrot eða kartöfluhnúðorma í kartöflum eða garðlöndum, er skylt að tilkynna það Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

#### 5. gr.

Kartöfluræktandi má eingöngu afhenda útsæði í nýjum (ónotuð) umbúðum og skal nafn hans og heimilisfang skráð á eða innan í umbúðirnar.

Hafi flutningstæki, sem nota skal til flutnings á útsæði, verið notað til flutnings á matarkartöflum, skal það sótthreinsað á tryggilegan hátt fyrir flutning útsæðisins.

#### 6. gr.

Til að annast sölu og dreifingu á kartöfluútsæði þarf leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Leyfisumsóknum skal fylgja umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, er lýsi aðstöðu viðkomandi aðila.

Eingöngu er heimilt að taka til sölu eða dreifingar innlent útsæði frá kartöfluræktendum, sem hafa fengið leyfi til sölu frá landbúnaðarráðuneytinu, sbr. 1. gr.

Þegar erlent útsæði er flutt til landsins, skal fylgja því heilbrigðisvottorð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/1948 um eftirlit með innflutningi plantna o. fl., sbr. breytingu með reglugerð nr. 46/1984.

#### 7. gr.

Ef sölu og/eða dreifingaraðili vigtar sundur og selur útsæði í smápakingum, skal hann láta nafn og heimilisfang kartöfluræktenda eða annað, er auðkennir hann, koma fram á eða í þeim umbúðum, svo og heiti afbrigðis.

#### 8. gr.

Við dreifingu á kartöfluútsæði skal þess gætt, að það komist ekki í snertingu við matarkartöflur eða þá hluti (s.s. pökkunarvélar, bretti, lyftara o. fl.) sem notaðir hafa verið við dreifingu á matarkartöflum, nema því aðeins að sótthreinsun hafi áður farið fram.

## 9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## ERINDISBRÉF

**fyrir dýralækni fisksjúkdóma, (sbr. lög nr. 61/1985  
um breyting á lögum nr. 77/1981 um dýralækna).**

## 1. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma hefur sömu skyldur og réttindi og héraðsdýralæknir.

## 2. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal með almennri fræðslu og leiðbeiningarstarfi leitast við að auka skilning manna á fiskskjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni, sem þeir geta valdið. Hann skal ásamt héraðsdýralæknum hafa samvinnu við fisksjúkdómanefnd um reglubundið eftirlit með öllum þeim stöðvum sem heimild hafa til að stunda klak- og fiskeldi. Jafnframt skal hann í samráði við sérfræðing í fisksjúkdómum við Tilraunastöðina á Keldum veita héraðsdýralæknum aðstoð og leiðbeiningar við eftirlit, sýnatöku o. a. eftir því sem þörf krefur.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal hafa frjálsan aðgang að öllum mannvirkjum klak- og eldisstöðva og skulu stöðvar þessar láta af hendi sýni án endurgjalds og jafnframt veita nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlit og sýnatöku.

## 3. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal hafa samstarf við sérfræðing í fisksjúkdómadeild við Tilraunastöð Háskólans að Keldum um rannsóknir sýna, sem og aðrar rannsóknir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna fisksjúkdóma þegar þeir gera vart við sig.

## 4. gr.

Þegar upp kemur sjúkdómur í klak- eða eldisstöð eða grunur leikur á að um sjúkdóm sé að ræða, skal umráðamaður stöðvarinnar tilkynna það dýralækni fisksjúkdóma eða viðkomandi héraðsdýralækni. Skal þá dýralæknir fisksjúkdóma hlutast til um frekari rannsókn og hafa forustu um nauðsynlegar varnaraðgerðir eða úrbætur í samráði við fisksjúkdómanefnd og ráðunaut hennar, sérfræðing í fisksjúkdómum við Tilraunastöðina á Keldum og viðkomandi dýralækni.